

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020
vegna Ormsstaða.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 6. október 2014 breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 vegna Ormsstaða, sem samþykkt var í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 20. ágúst 2014.

Landnotkunarbreytingin nær til 4 ha af frístundasvæði í landi Ormsstaða. Landnotkun verður breytt úr frístundasvæði í landbúnaðarsvæði. Gert er ráð fyrir íbúðarhúsi á landbúnaðarsvæðinu.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 6. október 2014.

F.h. forstjóra,

Guðrún Halla Gunnarsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.